

**Ed.**

**232. Nefndarálit**

um frv. til laga um bygging fyrir Háskóla Íslands.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Frv. þetta hefir legið fyrir tveim síðustu vetrarþingum og verið samþykkt hér í deildinni, en orðið svo óútrætt. Bendir það heldur til, að frv. hafi ekki fast fylgi í neðri deild.

Tilgangur frv. mun vera sá, að skuldbinda Alþingi til að reisa veglegt háskólahús innan 8 ára. Það skal og játað, að mjög æskilegt væri, að háskólinn fengi áður langt um liður betri húsakynni en nú hefir hann. Aftur ber á það að líta, að nú er ægileg fjárkreppa í landi, sem enginn sér fyrir, hvaða dilk dragi eftir sér, og ótal verkefni liggja fyrir. Virðist því ekki bein nauðsyn né æskilegt að binda fyrirfram hendur fjárveitingavaldsins með því að samþykkja frv. þetta.

Hinsvegar virðist nauðsynlegt, að sem fyrst sé unnið að því að tryggja háskólanum nægilegt og hentugt landrými fyrir framtíðina, og virðist það mjög vel til fallið, að Reykjavíkurbær leggi landið til, ef hann nýtur þeirra forréttinda, að háskólinn verði reistur í bænum. Mundi slík fórnfýsi Reykjavíkur mjög flýta fyrir því, að háskólinn yrði reistur og greiða mjög fyrir stúdentagarðinum, sem þegar mun hafa safnað allmiklu fé.

Í samræmi við það, sem nú hefir sagt verið, er lagt til, að málið verði afgreitt með svofelldri

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin leiti hjá bæjarstjórn Reykjavíkur ákveðna tilboða um land á hentugum stað handa háskólanum og leggi árangur af þeirri málaleitun fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. marz 1932.

Jón Jónsson, Guðrún Lárusdóttir.  
form.